

kröfu gerðarbeiðanda voru peningar þessir lagðir honum út, en að öðru leyti lýsti fógeti yfir fjárnámi í bílnum R 8793 (Chevrolet Bel-Air 1954), sem gerðarþoli á samkvæmt upplýsingum bílaeftirlitsins.

Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið.

Upplesið, játað rétt. Málinu lokið.

Miðvikudaginn 19. október 1960.

Nr. 173/1960. Gísli Ólafsson

gegn

Guðmundi Þórarinssyni og

Stefáni Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógetans
á Sauðárkróki.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Stefán Sigurðsson fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjanda úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. ágúst 1960, sem hingað barst 5. október s.l., og krafist þess, að kröfur hans í héraði verði til greina teknar. Af hendi varnaraðilja hafa eigi komið fram kröfur eða greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður fasteignamáladóms Sauðárkróks 12. ágúst 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., er höfðað fyrir fasteignamáladómi Sauðárkrókskaupstaðar samkvæmt III. kafla landamerkjalaaga nr. 41/1919 af eiganda húseignarinnar nr. 11 B

við Suðurgötu á Sauðárkróki, Gísla Ólafssyni, gegn eiganda húseignarinnar nr. 11 við Suðurgötu, Guðmundi Þórarinssyni, með erindi Gísla Ólafssonar til bæjarfógetans á Sauðárkróki, dags. 19. maí s.l., vegna ágreinings um vesturtakmörk lóðarinnar nr. 11 B við Suðurgötu.

Málið var þingfest 23. maí s.l., og mætti fyrir hönd sækjanda, Gísla Ólafssonar, dóttir hans, frú Guðrún Gísladóttir, en f. h. verjanda mætti Árni Hansen verkstjóri, bæði samkvæmt sérstökum umboðum, dskj. nr. 2 og 3.

Krafðist umboðsmaður sækjanda þess, að girðing sú, sem aðskilur lóðirnar nr. 11 og 11 B við Suðurgötu, verði færð einn metra til vesturs, og hélt því fram, að þar hafi áður verið girt á lóðartakmörkum.

Umboðsmaður verjanda gerði þá kröfu, að lóðartakmörk verði óbreytt, eins og þau eru nú girt, og hélt því fram, að umbjóðandi sinn hafi áður gefið eftir 18 eða 20 cm austan af lóð sinni, þá núverandi girðing var niður sett. Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar.

Hinar umdeildu lóðir eru útmældar samkvæmt útmælingagjörðum, dags. 4. febrúar 1927 og 27. apríl 1929, af Sigurði Sigurðssyni, þáverandi sýslumanni, og útmælingarmönnunum Sigurgeir Daníelssyni, þáverandi hreppstjóra, og Steindóri Jónssyni trésmíðameistara, sbr. dskj. nr. 4 og 5.

Lóðin nr. 11 við Suðurgötu var fyrst útmæld 4/2 1927 Halldóri Vídalín Magnússyni verzlunarmanni, og voru vesturtakmörk hennar ákveðin takmarkast af línu í 5 álna fjarlægð frá austurkanti Hesthússtígs (nú Suðurgötu) austan stígsins og parallellri með honum 20 metra til austurs, dskj. nr. 4.

Lóðin nr. 11 B var útmæld Gísla Ólafssyni, eins og áður greinir, 27/4 1929, og er sú útmæling afleidd af hinni fyrri, þar sem vesturtakmörk þessarar lóðar takmarkast af austurtakmörkum lóðarinnar nr. 11, og nær hún 13 metra til austurs, dskj. 5.

Í þinghaldi 22. júní s.l. lagði dómsforseti fram mælingaruppdrátt af Sauðárkróki, 2. hluti, sem gerður er af Jóni J. Víðis samkvæmt mælingum hans, gerðum á árunum 1932 og 1934 og viðbótarmælingum 1936. Barst dómsforseta uppdráttur þessi frá skipulagsstjóra ríkisins fyrir tilverknað umboðsmanns sækjanda. Sýnir uppdráttur þessi austurkant Hesthússtígs (á uppdrættinum Suðurgata), svo og hin umdeildu lóðamörk. Uppdráttur þessi er þingm. nr. 12.

Dómurinn leitaði sátta í fyrsta þinghaldi án árangurs.

Eftir að dómur hafði verið ruddur í málinu í þinghaldi 22. júní s.l. samkvæmt 9. gr. landamerkjálaga nr. 41/1919, tóku meðdómendurnir, Kristinn P. Briem kaupmaður og Ingólfur Nikódemusson húsasmíðameistari, sæti í dóminum.

Í þinghaldi 8. júlí gekk dómurinn ásamt umboðsmönnum aðilja á hin umdeildu merki og mældi lóð Suðurgötu 11, þannig að til grundvallar var lagt kort (uppdráttur) Jóns J. Viðis, dskj. 12, en hann sýnir austurtakmörk Suðurgötu (áður Hesthússtígs) í 5.5 metra fjarlægð frá vesturtakmörkum grunns hússins nr. 11 við Suðurgötu. Erú samkvæmt þessu 2.35 metrar af lóð hússins nr. 11 við Suðurgötu vestan við grunn þess ($5.5 \div 3.5$ (5 álnir)). Er mældir voru 17.65 metrar til austurs frá norðvesturhorni grunns hússins nr. 11 við Suðurgötu, reyndist girðingin á hinum umdeildu lóðartakmörkum vera 0.65 metra of vestarlega samkvæmt þessari mælingu.

Frú Guðrún Gísladóttir, umboðsmaður sækjanda, hefur í dómþingi 5. ágúst s.l. gert þá kröfu, að dómsforseti, Stefán Sigurðsson fulltrúi, víki sæti úr dóminum, og byggir kröfu sína á því, að afskipti fyrrverandi sýslumanns, Sigurðar Sigurðssonar, sem er faðir dómsforseta, séu þannig vaxin, að dómsforseti geti ekki setið í dómarsæti, svo og að dómsforseti hafi verið hlutdrægur í meðferð málsins. Lagði umboðsmaður sækjanda fram skjal, er þingmerkist nr. 25, til rökstuðnings kröfu sinni.

Umboðsmaður varnaraðilja gerði engar kröfur varðandi þetta.

Í upphafi dskj. nr. 25 vitnar umboðsmaður sækjanda í 7. tölu-lið 36. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, og síðar segir orðrétt: „Þar sem sýnilegt er, að föður dómarsins, Sigurði Sigurðssyni sýslumanni hér, hefur þegar verið blandað í þetta mál, með því að Guðmundur Þórarinnsson tilkynnti, að hann hefði ásamt Þorvaldi Guðmundssyni beðið sig að gefa eftir af lóð sinni til að rýma útgang úr húsi Gísla Ólafssonar. Og í öðru lagi vil ég taka fram, að dómurinn, Stefán Sigurðsson, er einn af bæjarfulltrúum þessa bæjar og þar af leiðandi er full ástæða til að halda, að hann hafi hagsmuna að gæta, þar sem hann veit, að það er bæjarsjóðs að gjalda mönnum fyrir þann hluta af lóðum þeirra, er þeir missa undir götur bæjarins“.

Varðandi framkomin meint afskipti fyrrverandi sýslumanns, Sigurðar Sigurðssonar, af máli þessu, hefur eftirfarandi fram komið í málinu:

Í þinghaldi í málinu 22. júní s.l. óskaði varnaraðili, Guðmundur Þórarinnsson, það bókað, „að þá er girðing sú, sem nú er á milli

lóða deiluaðilja, var sett niður, hafi hann samkvæmt beiðni þáverandi sýslumanns, Sig. Sigurðssonar, og Þorv. Guðmundssonar, fyrrverandi hreppstjóra, gefið eftir austan af lóð Suðurgötu 11 18—20 cm til þess að rýma útgang frá Suðurgötu 11B, og taldi, að forsenda fyrir þeirri eftirgjöf sé niður fallin, og gerir þá kröfu, að girðing milli húsanna verði færð til austurs samkvæmt því.“ Mót-mælir umboðsmaður sækjanda þessu sem röngu.

Annað hefur ekki komið fram í málinu varðandi afskipti föður dómsforseta af málinu, nema hvað hann tók þátt í mælingu hinna umdeildu lóða, eins og áður getur.

Hvort sem litið er á fyrrgreind skrif umboðsmanns sækjanda í dskj. nr. 25 sem afturköllun á fyrrgreindum mótmælum hans við bókun Guðmundar Þórarinssonar varðandi afskipti föður dómsforseta, er þar greinir, eða eigi, verður eigi séð, að þau afskipti geti varðað dómsforseta eða venzlamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðislega, svo að hann geti ekki litið óhlut-drægt á málavöxtu.

Varðandi síðari setningu hinnar tilvitnuðu málsgreinar úr dskj. nr. 25, varðandi setu dómsforseta í bæjarstjórn Sauðárkróks, ber að geta þess, að ekki hefur neitt komið fram í málinu um, að kröfur á hendur bæjarsjóði Sauðárkróks hafi komið fram frá aðiljum málsins vegna missis lóðarhluta undir götur. Hins vegar liggur vesturhluti lóðar Suðurgötu 11 að Suðurgötu, og er því hugsanlegt, að bótakrafa á hendur bæjarsjóði kæmi fram frá eigendum þeirrar eignar, ef efnisleg niðurstaða aðalmáls þessa verður sú, að austurtakmörk lóðar Suðurgötu 11 skuli færast um einn metra til vesturs samkvæmt kröfu sækjanda, en þá myndi ræma af vesturhluta lóðarinnar lenda undir götunni.

EKKI verður séð, að dómsforseti hafi af þessum ástæðum hagsmuna að gæta, er valdið geti vanhæfi hans til dómsetu.

Varðandi ásakanir umboðsmanns sækjanda um hlutdrægni dómsforseta í meðferð málsins vísar hann til gagna þess, og telur hann þær órökstuddar og ástæðulausar.

Ber dómsforseta ekki að víkja sæti af þessari ástæðu.

Samkvæmt framansögðu verður ekki unnt að taka kröfu umboðsmanns sækjanda, frú Guðrúnar Gísladóttur, um að dómsforseti víki úr sæti, til greina.

Því úrskurðast:

Krafan um að dómsforseti, Stefán Sigurðsson fulltrúi, víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.